



Selfossi 28. apríl 2020

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**7. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn þriðjudaginn 28. apríl 2020, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.**

**Mætt: Eypór H. Ólafsson, formaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson (í fjarfundi), Ingibjörg Harðardóttir, Sverrir Haukur Grönli, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins: Auðunn Guðjónsson frá KPMG.**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.**

### **1. Covid 19 og aðgerðir BÁ**

Pétur kynnti nýja heimasíðu BÁ [www.babubabu.is](http://www.babubabu.is) en þar var settar inn upplýsingar um úrræði í boði fyrir fólk í vanda s.s. AA, AlAnon, Stígamót og fleira. Pétur sagði frá viðbrögðum BÁ við Covid 19, hvernig lokunum og aðgangi starfsmanna var breytt og stýrt auk þess sem verklagsreglur fyrir slökkviliðsmenn voru sendar út.

### **2. Starfsemi ársins 2019**

Pétur fór yfir helstu málefni BÁ árið 2019. Þá voru tveir slökkviliðsmenn ráðnir í útkallslið BÁ í dagvinnu og einn í verkefnavinnu frá desembermánuði. Haldin voru námskeið, fyrirlestrar og ráðstefnur ýmsa aðila, t.d. um gróðurelda, elda í rafmagnsbílum og slökkvitækjanámskeið auk námskeiða fyrir eldvarnaeftirlitsmenn eftir samning við Mannvirkjastofnun. Heimsóknir í skóla og leikskóla eru fastir liðir í starfinu, en elsti árgangur í leikskóla og 3.bekkur í grunnskóla er alltaf sóttur heim. Hópur frá BÁ útskrifaðist sem atvinnuslökkviliðsmenn við hátíðlega útskrift. Nýr tankbíll var keyptur sem staðsettur er í stöðinni í Hveragerði og búnaður vegna gróðurelda var keyptur. Í Björgunarmiðstöðinni var sett upp þvottstöð fyrir búnað slökkviliðsmanna til að hreinsa út krabbameinsvaldandi efni.

Pétur kynnti útkallstöflfræði ársins 2019 en fjöldi útkalla á stöðvar var 216 sem er sögulegt hámark. F1 útköll voru færri en síðustu ár og því unnar klukkustundir í útköllum ekki eins margar og síðustu ár. Rúm 40% útkalla voru á F3 útköll á dagvinnutíma og gat dagvinnuútkallslið sinnt stórum hluta þeirra án annarrar aðstoðar.

**3. Ársreikningur 2019**

Auðunn kynnti ársreikning BÁ 2019. Stjórn samþykkir ársreikninginn.

**4. Önnur mál**

- a. Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 5.júní kl 8:15

Fleira ekki gert.  
Fundu slitið kl. 9.55